



Alþýðusamband Íslands

Tillaga að ályktun 41. þings ASÍ um launakjör stjórnenda

Launabilið í samfélaginu hefur breikkað á síðustu árum og laun og bónusar stjórnenda fjölmargra fyrirtækja eru gríðarlega há og úr öllu samhengi við það samfélag sem við búum í. Á slíkt getur verkalýðshreyfingin aldrei fallist.

Lífeyrissjóðir launafólks eru stórir eigendur í fjölmörgum fyrirtækjum. Hlutverk sjóðanna er að tryggja hámarksávöxtun á lífeyrissparnað almennings að teknu tilliti til áhættu og með langtímahagsmuni sjóðsfélaga í fyrirrúmi. Á sama tíma er mikilvægt að sjóðirnir séu ábyrgir hluthafar og beiti áhrifum sínum til þess að tryggja bæði að samfélagsábyrgð og siðferði sé viðhaft innan þeirra fyrirtækja sem fjárfest er í. Þannig geta sjóðir tekið ákvörðun um að fjárfesta ekki í fyrirtækjum þar sem laun æðstu stjórnenda eru það há að þau misbjóði siðferðisvitund alls almennings. Þessu verkfæri hafa sjóðirnir beitt og eiga að beita í auknum mæli.

Áherslur ASÍ:

- Að lífeyrissjóðir yfirfari og skerpi á eigendastefnum sínum þannig að sjóðirnir verði betur í stakk búnir til að bregðast við ofurlaunum æðstu stjórnenda fyrirtækja.
- Að lífeyrissjóðirnir fylgi eigendastefnum sínum fast eftir og kynni þær opinberlega þannig að stjórnnum fyrirtækja á markaði megi vera ljóst að ekki verði fjárfest í fyrirtækjum þar sem ofurlaun viðgangast.
- Að hvetja til þess að fyrirtæki setji sér opinbera stefnu á launakjörum æðstu stjórnenda til þess að lífeyrissjóðir geti metið mögulega fjárfestingakosti í samræmi við eigendastefnur sínar og siðareglur.

Hlutverk ASÍ:

- Að samræma sjónarmið innan verkalýðshreyfingarinnar í þessum málaflokki.
- Að styðja við bakið á stjórnnum lífeyrissjóða með opinni og upplýstri umræðu um mótun á eigendastefnum sem og eftirfylgni þeirra.